

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – Flæðigerði, íþróttasvæði, Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 51. fundi sínum 1. júlí 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Flæðigerði, íþróttasvæði hestamanna á Sauðárkróki.

Lóð Svaðastaða, reiðhöll, stækkar um 4,5 m til suðurs og byggingarreitur er stækkaður um tæpa 7 m til suðurs og að núverandi húsi til norðurs. Lóðarstærð breytist úr 8.674 m² í 9.047 m², stækkun nemur 373 m². Skilmáli um hámarksnýtingarhlutfall lóðar breytist úr 0,7 í 0,68. Tveir byggingarreitir eru á lóðinni. Annar er undir núverandi reiðhöll og er fullnýttur. Hinn er 4.659 m², 80,5 m austur-vestur og 58 m norður-suður. Á þessum byggingarreit er heimilt að reisa byggingar eða viðbyggingar sem eru í samræmi við stefnu um landnotkun í aðalskipulagi Skagafjarðar 2025-2040, s.s. viðbyggingu við reiðhöll. Byggt magn á lóðinni er 2.685,8 m² og hámarksnýtingarhlutfall er 0,68. Ónýtt byggingarmagn er því 3.466 m². Hámarkshæð bygginga er 9 m frá gólfi jarðhæðar í mæni og mænistefna nýrrar byggingar er sýnd á skipulagsuppdraetti. Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum innan lóðarinnar.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – miðsvæði milli Skólagötu og Túngötu, Hofsósi.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 50. fundi sínum 3. júní 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir miðsvæði milli Skólagötu og Túngötu, Hofsósi.

Túngata 1a á Hofsósi, sem ætluð er fyrir spennistöð Rarik, breytir um lögun og minnkar úr 28 m² í 20 m². Byggingarreitur breytist í samræmi við breytingu lóðar og minnkar úr 25 m² í 20 m². Aðrir skilmálar eru óbreyttir.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag – sorpmóttaka og gámalóð, Hofsósi.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 49. fundi sínum 19. maí 2026 nýtt deiliskipulag fyrir sorpmóttöku og gámalóð, Hofsósi. Skipulagsuppdráttur nr. DS-01 sýnir lóðir, aðkomu að lóðum og byggingarreiti á skipulagssvæðinu, ásamt helstu byggingarskilmálum.

Á deiliskipulagsuppdraettinum eru sýndar þrjár lóðir á svæðinu, lóð gámageymslusvæðisins, lóð áhaldahússins og lóð sorpmóttökunnar. Starfsemi og umferðarsvæði sem fyrir eru á iðnaðarsvæðinu fá með deiliskipulagstillögunni skilgreindar lóðir, götur og innkeyrslur á lóðir.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 15. júlí 2026.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.